

Stöðumat á eftirfylgni stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012 „Byggt á styrkum stoðum“

Lagt fram á fundi Vísinda- og tækniráðs 4. nóvember 2011

Inngangur

Á fundi Vísinda- og tækniráðs, 1. apríl 2011, var samþykkt að unnið yrði stöðumat á eftirfylgni með stefnu Vísinda- og tækniráðs, *Byggt á styrkum stöðum 2010-2012*. Ákveðið var að stöðumatið ásamt tillögum um aðgerðir til þess að fylgja stefnunni markvisst eftir skyldu liggja fyrir í september 2011.

Markmiðið með stöðumatinu er að meta í grófum dráttum eftirfylgni með stefnu Vísinda- og tækniráðs á miðjum framkvæmdatíma stefnunnar sem nær frá 2010-2012 – og gera tillögur um breytingar eða úrbætur sem stuðla að því að náð verði sem allra bestum árangri á síðari hluta framkvæmdatímans.

Í eftirfarandi köflum (sbr. kaflaskiptingu í stefnunni) er að finna mat á árangri og helstu hindrunum ásamt tillögum til úrbóta þ.e. til að hámarka árangur í framkvæmd stefnunnar. Í lokakafla er að finna stutta samantekt og tillögur um aðgerðir. Í fylgiskjali er að finna sundurliðun á öllum markmiðum stefnunnar, ábyrgðaraðilum, verkefnum (þar með taldar ályktanir Vísinda- og tækniráðs), stöðu verkefna, hindrunum og (áætluðum) verklokum.

Háskólar og rannsóknastofnanir

Töluvert hefur verið unnið að markmiðum innan þessa kafla. Ítrekað hefur verið bent á mikilvægi þess að nýta krafta og fjármagn betur, auka samvinnu og kanna möguleika á sameiningu háskóla og rannsóknarstofnana.

Vísinda- og tækniráð stóð fyrir opnum málfundum um vísinda- og nýsköpunarkerfið fyrri hluta árs 2011, þar sem m.a. var litið til reynslu nágrannaþjóða okkar. Vísinda- og tækniráð samþykkti á fundi sínum 1. apríl s.l. að fela starfsnefndum ráðsins að leggja fram tillögur til einföldunar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, og vinnur sérstakur vinnuhópur innan starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs að tillögugerð og verða fyrstu ábendingar hans lagðar fram til umræðu á fundi ráðsins í desember næstkomandi.

Kannaðir hafa verið möguleikar á sameiningum háskóla, en helstu hindranirnar virðast vera ólíkt rekstrarform skólanna og byggðasjónarmið. Í ágúst 2010 gaf mennta- og menningarmálaráðherra út stefnu um opinbera háskóla. Í kjölfarið hefur verið komið á samstarfsneti opinberra háskóla, og sérstakur verkefnisstjóri ráðinn til að leiða það. Markmið netsins eru í fyrsta lagi efling kennslu og rannsókna íslenskra háskóla, í öðru lagi aukin hagkvæmni í rekstri háskóla og í þriðja lagi að tryggja háskólastarfsemi víða á landinu. Sjá: www.samstarf.hi.is

Gerðir hafa verið a.m.k. fjórir samstarfssamningar milli háskóla og stofnana á tímabilinu. HÍ hefur gert samstarfssamninga við Matís og Hafrannsóknastofnunina. Nýsköpunarmiðstöð, HÍ og HR hafa gert með sér samning um kennslu og rannsóknarverkefni.

Árangur og hindranir

Áfangar hafa náðst m.a. með samstarfsneti opinberu háskólanna. Fram hefur farið talsverð umræða um sameiningu háskóla og rannsóknastofnana annars vegar og sameiningu háskóla hins vegar. Helstu hindranir í vegi fyrir sameiningu háskóla virðast vera mismunandi rekstrarform skólanna ásamt byggðasjónarmiðum. Nú er unnið að tillögum á vegum starfsnefnda ráðsins um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu .

Tillögur til að hámarka árangur

- Ef árangur á að nást í sameiningu háskóla annars vegar og háskóla og rannsóknastofnana hins vegar er nauðsynlegt að ráðherrar/ríkisstjórn fjalli um málið og taki ákvarðanir þar um.
- Taka þarf ákvarðanir um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu þegar tillögur liggja fyrir.
- Skilgreina þarf þau verkefni sem krefjast langtímafjármögnunar hins opinbera.

Nýsköpun

Eitt af meginverkefnum stöðkerfis atvinnulífsins er að stuðla að hagnýtingu rannsókna og er þekkingaryfirfærsla t.d. veigamikill og vaxandi þáttur í starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Þá hefur markvisst verið unnið að því að kynna kosti einkaleyfa fyrir fyrirtækjum og hvetja þau til að vernda hugverk sín með þeim hætti.

Skýrsla um hagræn áhrifa skapandi greina kom út í maí 2011 og sýndi hún fram á að greinin velti nær 200 milljörðum króna árið 2009. Í kjölfarið er stuðningsumhverfi skapandi greina til skoðunar þar sem leitast verður

við að skilja það umhverfi sem skapandi fyrirtæki búa við, hvaða stuðningur stendur þeim til boða og hvar þörf er fyrir úrræði til að aðlaga megi opinbera stuðningsþjónustu betur að þörfum atvinnugreinarinnar. Þá er lögð aukin áhersla á klasasamstarf skapandi greina og þann ávinning sem ná má með auknum tengslum þeirra við aðrar greinar.

Iðnaðarráðuneytið hefur í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hönnunarmiðstöð unnið að mótun Hönnunarstefnu fyrir Ísland. Markmiðið með mótun hönnunarstefnu er að auka vægi hönnunar í allri vöruhugsun, vöruþróun og framleiðslu með það að sjónarmiði að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og til að auka verðmætasköpun.

Eitt af markmiðum stefnunnar fól í sér að lagfæra löggjöf sem hindrar frelsi rannsókna án þess þó að fórna öryggi eða siðferðilegum viðmiðum. Bent var á að endurskoða þyrfti löggjöf um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Frumvarp þess efnis verður lagt fram á haustþingi 2011.

Hvata til aukinna rannsókna, þróunar og nýsköpunar fyrirtækja hefur verið komið á með skattaávilnunum.

Árangur og hindranir

Í gangi er endurskoðun á þeim hluta af stöðkerfi atvinnulífsins sem er á ábyrgð iðnaðarráðuneytis, en sú vinna þarf í framhaldinu einnig að ná til þjónustu á vegum annarra opinberra aðila. Tekinn hefur verið upp nýr styrkjaflokkur hjá Tækniþróunarsjóði, svo kallaðir brúarstyrkir, til að styðja við markaðssetningu nýsköpunarfyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Náðst hefur talsverður árangur í markmiðum þessa kafla og líkur á því að flestum markmiðum verði náð á framkvæmdatíma stefnunnar. Helstu hindranir eru takmarkað fjármagn til að styðja framgang sprotafyrirtækja og vöxt þeirra. Fjárveitingar til Tækniþróunarsjóðs hafa þó verið auknar lítillega.

Tillögur til að hámarka árangur

- Leggja þarf megináherslu á að auka þekkingaryfirfærslu frá rannsóknarumhverfi til fyrirtækja.
- Auka þarf fjármagn til að styðja við vöxt og framgang sprotafyrirtækja.

Gæði og ávinningur

Gefin hefur verið út skýrsla um áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2004-2008. Þar koma fram sterkar vísbendingar um að sjóðurinn skili umtalsverðum árangri í því að byggja mikilvægan grunn undir meginstöðir nýsköpunar í landinu. Í undirbúningi er að gera samsvarandi áhrifamat fyrir Rannsóknasjóð.

Þá er í gangi úttekt á sókn og árangri í 7. rammaáætlun ESB, sjálfstæð nefnd er að störfum við það verkefni og hefur verið ráðinn starfsmaður henni til aðstoðar. Rætt hefur verið um hvort ætti að meta CIP-verkefni ESB á samsvarandi máta en ekki hefur verið tekin ákvörðun um það.

Óformlegar viðræður hafa farið fram við Hagstofu um að auka samstarf milli Rannís og Hagstofunnar um mat á rannsóknarframlagi íslenskra aðila, en strandað hefur á fjármagni. Afar mikilvægt er þó að bæta mælingar á afrakstri og árangri.

Opinberir samkeppnissjóðir hafa verið kortlagðir, sem og framlög til rannsókna og þróunar í fjárlögum. Sérstaklega var bent á hversu háar upphæðir voru veittar af fjárlaganefnd til verkefna sem mætti flokka sem rannsóknir og þróun en hafa þó ekki fengið faglega umfjöllun. Fjárlaganefnd tilkynnti sumarið 2011 að breyting yrði á þessu verklagi.

Vísinda- og tækniráð samþykkti að fela Rannís að vinna áætlun um mat á gæðum og árangri rannsókna. Í undirbúningi er að sett verði upp samræmt kerfi sem heldur utan um upplýsingar um rannsóknir frá háskólum og rannsóknastofnunum, sambærilegt við norska kerfið CRISStin. Með tilkomu samræmds kerfis verður hægt að tengja framlög til rannsókna við gæði og árangur, þ.e. að hluti beinna framlaga verði árangurstengdur.

Alþjóðlegt gæðaráð fyrir háskóla, skipað erlendum sérfræðingum hefur verið sett á fót og í október 2011 var gefin út gæðahandbók (*Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*).

Vísinda- og tækniráð samþykkti að unnar yrðu síðareglur fyrir íslenskt vísindasamfélag og liggja drög að þeim fyrir. Þau eru nú til umfjöllunar í samráðsferli.

Árangur og hindranir

Umtalsverður árangur hefur náðst. Ástæða til að ætla að mögulegt sé að ná helstu markmiðum á framkvæmdatíma stefnunnar. Helstu hindranir eru takmarkað fjármagn til að bæta mat á afrakstri og árangri.

Tillögur til að hámarka árangur

- Til þess að árangur náist í mati á rannsóknarframlagi íslenskra aðila þarf að útvega fjármagn til að greiða fyrir aðkomu Hagstofu að því verkefni.
- Taka þarf sem fyrst ákvarðanir um val á kerfi fyrir mat á gæðum og árangri í rannsóknum við háskóla og rannsóknastofnanir og útvega fjármagn til að hrinda kerfinu í framkvæmd.

Alþjóðlegt rannsóknna- og nýsköpunarstarf

Tveir starfshópar hafa unnið skýrslur um alþjóðamál í samræmi við stefnu ráðsins um að efla þurfi alþjóðlegt samstarf í rannsóknum og nýsköpun. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði starfshóp í byrjun árs 2010 sem mat umfang, skuldbindingar og tækifæri í alþjóðlegu rannsóknna- og nýsköpunarsamstarfi og kortlagði stuðningsþjónustu við umsækjendur. Í lokaskýrslu starfshópsins voru tillögur um að setja þjónustu við alþjóðlegar áætlanir í eina skrifstofu og nýta betur þá fjármuni og krafta sem fyrir eru. Vísinda- og tækniráð samþykkti tillögur starfshópsins og óskaði eftir nánari útfærslu í samráði við helstu hagsmunaaðila. Mennta- og menningarmálaráðherra og iðnaðarráðherra skipuðu starfshóp sem vann að útfærslu tillagnanna sem síðar voru lagðar fyrir fund Vísinda- og tækniráðs sem samþykkti í júní 2010 að fylgja þeim eftir. Unnið hefur verið að málinu innan mennta- og menningarmálaráðuneytis með það að markmiði að ein þjónustuskrifstofa fyrir alþjóðlegt samstarf verði komið á.

Árangur og hindranir

Mikil vinna hefur átt sér stað við mat á umfangi og skuldbindingum í alþjóðlegu samstarfi. Mikilvægir áfangar hafa náðst. Ýmsar hindranir hafa tafið framkvæmd þar sem að málinu koma margar aðilar með ólík sjónarmið.

Tillögur til að hámarka árangur

- Leggja þarf fram frumvarp um breytingar á lögum nr. 3/2003 á vorþingi 2012 sem tryggir eflingu stuðnings- og greiningarvinnu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi.
- Taka þarf af skarið og hrinda í framkvæmd ákvörðunum ráðsins um sameiningu þjónustu við alþjóðlegt samstarf á einum stað.

Samkeppnissjóðir

Ráðuneytisstjórar mennta- og menningarmálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og velferðarráðuneytis hafa hist að undirlagi forsætisráðherra og skoðuðu þeir opinbert stuðningskerfi, sjóði og stofnanir. Opinberir samkeppnissjóðir hafa verið kortlagðir og rætt um sameiningu sjóða eða færslu á umsýslu þeirra. Af sameiningum hefur þó enn ekki orðið. Samkeppnissjóðir hafa ekki verið stækkaðir og fer hlutfall samkeppnisfjár í opinberum fjárveitingum nú lækkandi að óbreyttu. Í stefnumörkuninni Ísland 2020 sem samþykkt var í ríkisstjórn í árslok 2010 er að finna markmið um að 4% af landsframleiðslu verði varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja verði 70% á móti 30% framlagi ríkisins í samkeppnissjóði og markáætlanir.

Vísinda- og tækniráð ályktaði þann 1. apríl sl. að unnin verði áætlun um þróun og eflingu samkeppnissjóða fram til 2020 og verður hún lögð fram í desember 2011.

Árangur og hindranir

Þó að talsvert hafi verið unnið að markmiðum þessa kafla er árangur enn sem komið er undir væntingum. Ástæðan er að talsverð andstaða hefur komið fram gagnvart breytingum á sjóðakerfinu og sameiningu sjóða. Einnig hefur takmarkaður árangur náðst varðandi hækkun á hlutfalli opinberra framlaga til rannsókna og nýsköpunar í gegnum samkeppnissjóði. Þar er einnig um að ræða andstöðu innan kerfisins gagnvart slíkri breytingu. Þá má benda á að fjármagn sem ætlað er í Markáætlun hefur verið nýtt til að

greiða fyrir Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, og því hefur hluti samkeppnisfjár minnkað sem því nemur.

Tillögur til að hámarka árangur

- Lagt er til að fundin verði önnur leið til að fjármagna Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum en að nýta fjármuni sem ætlaðir eru til vísindarannsókna.
- Undirbúningur verði hafinn að næstu Markáætlun með því fjármagni sem til hennar var áður ætlað og henni verði settur lagarammi.
- Ríkisstjórn/viðkomandi ráðherrar taki ákvarðanir um umsýslu sjóða og sameiningu þeirra.

Innviðir rannsókna og nýsköpunar

Efsta mál á forgangslista hefur verið að fjármögnun á Landsaðgangi að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum verði leyst til frambúðar (sbr. kafla um samkeppnissjóði). Fjármagn sem ætlað var í Markáætlun hefur verið nýtt til þess að greiða fyrir Landsaðganginn. Það var neyðarúrræði, en nú er brýnt að finna lausn til frambúðar.

Íslenskir vísindamenn taka virkan þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi sem nýtir sér aðferðafræði e-Science. Norræn ofurtölva (*Nordic High Performance computer*) sem er samstarfsverkefni norrænna aðila verður staðsett hér á landi, og háhraðatenging milli landa fyrir rannsóknarverkefni hefur verið eflað mjög. Íslendingar taka virkan þátt í norrænu samstarfi á mörgum sviðum e-Science.

Lög um Tækjasjóð hafa ekki verið endurskoðuð þannig að þau taki til allra rannsóknainnviða.

Afar mikilvægt er að Íslendingar, líkt og nágrannalöndin, marki sér heildarstefnu í uppbyggingu innviða til rannsókna. Sérstakur vinnuhópur hefur verið skipaður sem mun skila tillögum um hvernig skipulag á þessum verði fyrirkomið.

Árangur og hindranir

Allgóður árangur hefur náðst í þátttöku íslenskra vísindamanna í e-science, ekki síst í norrænu samstarfi. Fjármögnun á Landsaðgangi er óleyst mál. Einnig eru óleyst mikilvæg mál sem varða undanþágur frá virðisaukaskatti fyrir rannsóknarverur sem notaðar eru til vísindarannsókna. Ekki hefur enn verið mótuð samræmd stefnu um uppbyggingu innviða til rannsókna á Íslandi.

Tillögur til að hámarka árangur

- Móta þarf samræmda stefnu með aðkomu allra ráðuneyta um uppbyggingu innviða til rannsókna á Íslandi.
- Finna þarf lausn á fjármögnun á Landsaðgangi.
- Endurskoða þarf lög um Tækjasjóð.
- Taka þarf aftur upp viðræður við fjármálaráðuneyti um undanþágur frá virðisaukaskatti fyrir rannsóknarverur sem notaðar eru til vísindarannsókna.

Opinn aðgangur að rannsóknaniðurstöðum

VTR samþykkti á fundi 25. júní 2010 að undirrita Berlínaryfirlýsingu, og hvetja sjóðsstjórnir háskóla og opinberar stofnanir til að setja sér stefnu um birtingu efnis í opnum aðgangi. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur hvatt stofnanir sem heyra undir það til þessa. Önnur ráðuneyti þyrftu að gera slíkt hið sama.

Töluverð vitundarvakning hefur orðið um mikilvægi opins aðgengis.

Árangur og hindranir

Áföngum hefur verið náð en talsvert verk óunnið ef ná á markmiðum kaflans um nýtingarrétt og um innviði fyrir opinn aðgang á framkvæmdatíma. Að hluta til er um að ræða viðvarandi verkefni sem krefst þátttöku alls vísindasamfélagsins.

Tillögur til að hámarka árangur

- Skilgreina þarf nýtingarrétt að niðurstöðum rannsókna sem unnar eru fyrir opinbert fé og gera kröfur um að niðurstöður verði birtar í opnum aðgengi.
- Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu um mikilvægi opins aðgangs að rannsóknarniðurstöðum.

Nýliðun

Ekki hefur verið unnið markvisst að því að efla Rannsóknasjóð svo að hann geti stutt vel við bakið á ungu vísindafólki. Vísinda- og tækniráð samþykkti á fundi sínum 1. apríl s.l. að vinna áætlun um þróun og eflingu samkeppnissjóða. Tillögur verða lagðar fram á fundi ráðsins í desember 2011.

Í ágúst 2010 hlutu Rannís og Rannsóknasjóður 110 m.kr. styrk úr mannaúdsáætlun 7. rannsóknaráætlunar Evrópusambandsins sem nýtt verður til að fjármagna rannsóknastöðustyrki í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki hér á landi.

Velferðaráðuneytið og Vinnumálastofnun stóðu síðast liðin tvö sumur fyrir átaksverkefni til að fjölga störfum á vegum stofnana ríkisins og sveitarfélaga, fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Um 900 störf voru í boði.

Árangur og hindranir

Mikill hluti Rannsóknasjóðs fer í að greiða laun ungs vísindafólks, og í erfiðu árferði hefur hann ekki haft burði til að styrkja ungt vísindafólk með veglegum styrkjum eins og markmið stefnunnar segir til um.

Tillögur til að hámarka árangur.

- Efla þarf og stækka Rannsóknasjóð til að hann geti stutt betur við ungt vísindafólk.
- Sett verði á fót átaksverkefni til að hvetja ungt fólk til að sækja nám í tækni- og iðngreinum.

Samantekt og tillögur um aðgerðir

Þegar á heildina er litið hefur allgóður árangur náðst í framkvæmd stefnunnar *Byggt á styrkum stöðum*. Nefna má sem dæmi um góðan árangur að komið var á samstarfsnet opinberu háskólanna, gerð hefur verið skýrsla um áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2004-2008, skipað hefur verið alþjóðlegt gæðaráð fyrir háskóla og gefin út Gæðahandbók fyrir háskóla. Einnig hafa verið mótaðar og samþykktar tillögur um sameiningu þjónustu við alþjóðlegt samstarf í eina þjónustuskrifstofu. Þeim hefur hins vegar ekki verið hrint í framkvæmd. Árangur varðandi breytingar á sjóðakerfinu og eflingu samkeppnissjóða er undir væntingum, og hefur enn ekki tekist að efla sjóðina svo að þeir geti stutt rækilega við nýliðun og nýsköpun. Allgóður árangur hefur náðst í þátttöku íslenskra vísindamanna í e-Science og voru uppsetning ofurtölvu og efling háhraðatengingar milli landa afar mikilvægir þættir í því samhengi.

Í stefnunni eru mikilvæg markmið sem varða skipulag vísinda- og tæknimála, samstarf og sameiningu stofnana og sjóða auk markmiða um aukin gæði og afrakstur. Fram hefur farið umtalsverð greiningarvinna til að undirbúa vandadaða ákvarðanatöku um þessi mál og er því komið að ákvarðanatöku og eftirfylgni ædstu stjórnenda til að markmið náist fyrir lok framkvæmdatíma stefnunnar 2012.

Til þess að hámarka þann árangur sem ná má á síðari hluta framkvæmdatíma stefnunnar er lagt til að óformleg samstarfsnefnd ráðuneyta um vísinda- og tæknimál, sem nú er starfandi, hittist eigi sjaldnar er tvisvar í mánuði til samráðs og eftirfylgni með eftirfarandi aðgerðum sem verði grunnur að framkvæmdaáætlun út árið 2012.

Samantekt tillagna sem miða að því að hámarka árangur í framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs:

1. Ef árangur á að nást í sameiningu háskóla annars vegar og háskóla og rannsóknastofnana hins vegar er nauðsynlegt að ráðherrar/ríkisstjórn fjalli um málið og taki ákvarðanir þar um.
2. Taka þarf ákvarðanir um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu þegar tillögur liggja fyrir.
3. Skilgreina þarf þau verkefni sem krefjast langtímafjármögnunar hins opinbera.
4. Leggja þarf megináherslu á að auka þekkingaryfirfærslu frá rannsóknarumhverfi til fyrirtækja.
5. Auka þarf fjármagn til að styðja við vöxt og framgang sprotafyrirtækja.
6. Til þess að árangur náist í mati á rannsóknarframlagi íslenskra aðila þarf að útvega fjármagn til að greiða fyrir aðkomu Hagstofu að því verkefni.
7. Taka þarf sem fyrst ákvarðanir um val á kerfi fyrir mat á gæðum og árangri í rannsóknum við háskóla og rannsóknastofnanir og útvega fjármagn sem þarf til að koma því í gagn. Þ.
8. Leggja þarf fram frumvarp um breytingar á lögum nr. 3/2003 á vorþingi 2012 sem tryggir eflingu stuðnings- og greiningarvinnu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi.
9. Taka þarf af skarið og hrinda í framkvæmd ákvörðunum ráðsins um sameiningu þjónustu við alþjóðlegt samstarf í eina þjónustuskrifstofu.
10. Nauðsynlegt er að fundin verði önnur leið til að fjármagna Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum en að nýta fjármuni sem ætlaðir eru til vísindarannsókna.
11. Undirbúningur verði hafinn að næstu Markáætlun með því fjármagni sem til hennar var áður ætlað og henni verði settur lagarammi.
12. Ríkisstjórn/viðkomandi ráðherrar taki ákvarðanir um umsýslu sjóða og sameiningu þeirra.
13. Móta samræmda stefnu með aðkomu allra ráðuneyta um uppbyggingu innviða til rannsókna á Íslandi.
14. Endurskoða þarf lög um Tækjasjóð.
15. Taka þarf aftur upp viðræður við fjármálaráðuneyti um undanþágur frá virðisaukaskatti fyrir rannsóknavörur sem notaðar eru til vísindarannsókna.
16. Skilgreina þarf nýtingarrétt að niðurstöðum rannsókna sem unnar eru fyrir opinbert fé og gera kröfur um að niðurstöður verði birtar í opnum aðgengi.
17. Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu um mikilvægi opins aðgangs að rannsóknarniðurstöðum.
18. Efla þarf og stækka Rannsóknasjóð til að hann geti stutt betur við ungt vísindafólk.
19. Sett verði á fót átaksverkefni til að hvetja ungt fólk til að sækja nám í tækni- og iðngreinum.

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI STEFNU VÍSINDA- og TÆKNIRÁÐS 2010-2012 (uppfært 31. okt 2011)							
I	Háskólar og rannsóknastofnanir	Ábyrgð	Verkefni /aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok	
1	Stofnanir sem hafa rannsóknir sem meginverkefni, fyrirtæki og háskólar tengist með skýrum samstarfssamningum sem taki m.a. til samvinnu um rannsóknir, ráðningu sérfræðinga, samnýtingu á starfsfólki og starfsaðstöðu og eflingu rannsóknánáms.	IDN	Samstarfssamningur NMÍ og HÍ um kennslu og rannsóknarverkefni.	Lokið			
		IDN	Samstarfssamningur NMÍ, HR og HÍ, Orkustofnunar og fl. stofnana um sameiginleg not af tækjum	Lokið			
		MRN	Starfshópur menntamálaráðh. um þekkingarsetur á Íslandi kortlagði sérhæfð þekkingarsetur um allt land.	Lokið	Áfangaskýrsla okt 2010	okt 2010	
		VTR	<p>Ályktun samþykkt 20. des. 2010</p> <p>ÞEKKINGARSETUR Á ÍSLANDI. Vísinda- og tækniráð fagnar skýrslu starfshópsins sem fellur vel að stefnu ráðsins, þar sem lögð er áhersla á samvinnu og samnýtingu og mikilvægi þess að nýta sem best þá krafta sem fyrir eru og þá aðstöðu sem byggð hefur verið víðs vegar um landið.</p> <p>Vísinda- og tækniráð tekur undir tillögur starfshópsins um að frekari greining fari fram á þekkingarsetrum með aðkomu þeirra ráðuneyta sem við eiga þar sem unnið verði að heildstæðri stefnumótun.</p> <p>Vísinda- og tækniráð leggur jafnframt áherslu á að í starfsemi sem nýtur opinberra framlaga sé gæði og ávinningur höfð að leiðarljósi, og leggur því til að gerð verði úttekt á starfsemi setrana, eftir að framangreind greining hefur farið fram.</p>				
		MRN	Ráðstefna um þekkingarsetur á Íslandi. Júní 2011	Lokið		júní 2011	
			Mátís og HÍ undirrituðu samstarfssamning í mars 2010	Lokið		mars 2010	
			Hafrannsóknastofnunin og HÍ undirrituðu samstarfssamning í okt. 2010	Lokið		okt 2010	
		MRN	Mennta- og menningarmálaráðherra gaf út stefnu um opinbera háskóla í ág 2010	Lokið		ágúst 2010	
		MRN	Samstarfsnet opinberra háskóla, er verkefni sem fór af stað í ág sept. 2010 í kjölfar stefnuskjal mennta- og menningarmálaráðherra um opinbera háskóla. Markmið verkefnisins eru í fyrsta lagi efling íslenskra háskóla, kennslu og rannsókna, í öðru lagi aukin hagkvæmni í rekstri háskóla og í þriðja lagi að tryggja háskólastarfsemi víða á landinu.	í vinnslu	Verkefnistjóri stýrir verkefninu. Verkefnið fór af stað í sept 2010 sjá: samstarf.hi.is	2012	

2	Kannaður verði möguleiki á sameiningum háskóla og stofnana ef það er líklegt til að skila bættem faglegum eða fjárhagslegum árangri.	VTR	SAMEININGAR RANNSÓKNASTOFNANA Skipa starfshóp sem fjalli um rannsóknastofnanir og hugsanlega sameiningu þeirra. Byggi á fyrri starfshóp starfsnefndanna sem skilaði skýrslu vorið 2009. IDN og NMÍ hafa rætt kosti þess að sameina tilteknar rannsóknheildir sem eru rekanar hjá NMÍ við rannsóknarstarfsemi HÍ eða HR. Þessu mati er ekki lokið.	í vinnslu	Hugsanleg tregða gangvart breytingum	
		IDN	Viðarmikið mat á hlutverki stofnana IDN er hafið sem er hluti af endurgerð stoðkerfis atvinnulífsins. Reiknað er með að frumvarp til laga um stoðkerfið og stofnanagerð IDN varði tilbúið fyrir árslok 2011.	Í vinnslu		2012
		IDN	Unnið er á mati þessa hjá IDN og er það hluti af heildar endurskoðun á starfsemi NMÍ, Ferðamálastofu og Bygðastofnunar.	Í vinnslu		
3	Þar sem unnið er að skyldum eða líkum verkefnum í háskólum og stofnunum verði sameining og flutningur verkefna athugaður.		Samkvæmt fjárfestingaáætlun sem unnin verður á grunni Íslands 2020 verður gerð krafa um að aallar stefnumótandi áherslur hafi tryggja fótfestu í fjárlögum.	Í vinnslu	Marka þarf pólitíska línu	
4	Verkefni sem krefjast langtímafjármögnunar hins opinbera verði skilgreind og forgangsraðað og fjármögnun þeirra tryggð.		sjá einnig kafla VI og VII			
5	Við uppbyggingu á rannsóknainnvíðum verði tekið mið af því hvaða aðilar séu best til þess fallnir að afla grunnag		sjá einnig kafla VI og VII			
6	Varðveisla gagna sem safnað er á kostnað hins opinbera verði tryggð sem og auðveldur og opin aðg	VTR Ályktun samþykkt 1. apríl 2011	EINFÖLDUN Á VÍSINDA- og NÝSKÖPUNARKERFINU Vísinda- og tækniráð samþykkir að fela starfsnefndum ráðsins og vinnuhópi ráðuneytisstjóra að leggja fram tillögur til einföldunar á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, með gæði og árangur að leiðarljósi. Fyrstu ábendingar verða lagðar fram til umræðu á haustfundi Vísinda- og tækniráðs, en fullmótaðar tillögur á fundi ráðsins í desember.			
		starfsnefn dir Rannís	Vinnuhópur innan starfsnefnda VTR vinnur að tillögum að einföldum a vísinda- og nýsköpunarkerfinu og gerð hvítbókar	í vinnslu		mars 2013
			Fjórir opnir fundir um vísinda- og nýsköpunarkerfið vor 2011		Fundir vel sóttir.	vor 2011
II	Nýsköpun	Ábyrgð	Verkefni / aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklök

1	Styrkja beri hæfni háskóla og opinberra rannsóknastofnana til að koma niðurstöðum rannsókna út í atvinnulífið, til dæmis með einkaleyfum og stofnun nýrra fyrirtækja en einnig með því að styðja við þekkingaryfirfærslu úr rannsóknsumhverfi yfir í fyrirtæki. Kannaðir verði möguleikar á hvatakerfi til að tryggja þetta mikilvæga samspil.	IDN	NMÍ og ELS vinna markvisst að því að kynna kosti einkaleyfa fyrir fyrirtækjum og hafa þessar tvær stofnanir samstarf sín á milli um þá kynningu. Þekkingaryfirfærsla er eitt af meginverkefnum NMÍ og er sú starfsemi í stöðugri mótun.	Lokið en heldur áfram		
2	Virkur stuðningur við þátttöku fyrirtækja í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna sem og á sviði tækni-	IDN	Margar stofnanir hafa kynningar og fræðslu um mikilvægi erlends samstarfs á verkefnaskrá sinni og samkeppnissjóðir viðurkenna kostnað við erlent samstarf sem styrkhæfan kostnað í úthlutunum sínum.	Lokið en heldur áfram		
3	Stuðningur við sprotafyrirtæki sem stefna með vörur eða afurðir á alþjóðlegan markað verði markvissa	IDN	Tækniþróunarsjóður veitir styrki til markaðssetningar á alþjóðlegum mörkuðum. Vilji er til að efla þessa styrki Tækniþróunarsjóðs þegar sjóðurinn eflist. EEN verkefni Verkefni á Íslandsstofu	í vinnslu	er verkefni sem er í gangi	
4	Löggjöf sem hindrar frelsi rannsókna verði lagfærð án þess þó að fórna öryggi eða síðferðilegum viðmiðum og gæðum. Löggjöf ber að styðja við nýsköpun en ekki hamla vísindarannsóknnum og framþróun nýsköpunarfyrirtækja.	VEL	Frumvarp til laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði	í vinnslu		Haust 2011
5	Samkeppnissjóðir, rannsókn- og menntastofnanir, auk Rannís og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, styðji við framgang sprotafyrirtækja sem byggja á rannsóknum, þróun og nýsköpun.	IDN	Stuðningur við framgang sprotafyrirtækja er skýrt forgangsmál hjá Tækniþróunarsjóði, en getan er háð framlögum til verkefna hans. sjá einnig kafla V	í vinnslu	of lítið fjármagn	
			skattaávilnanir			
6	Fyrirtæki, rannsókn- og menntastofnanir verði hvött til að nýta skapandi greinar í starfsemi sinni.	IDN, MRN	Hönnun og aðrir skapandi þættir sem tengjast þróun afurða eru styrkhæfir kostnaðarliðir í matskefi Tækniþróunarsjóðs	í vinnslu		
		IDN	Rannsókn sem mun skoða stuðningsumhverfi skapandi greina á Íslandi í viðum skilningi, þar sem hvoru tveggja verður leitast við að skilja það umhverfi sem skapandi fyrirtæki búa við, hvaða stuðningur þeim stendur til boða og hvar þörf fyrir úrræði um stuðning er mest.	Lokið	Skýrsla sept 2011	sept 2011
		MRN	Starfshópur um stöðu skapandi greina á Íslandi	Lokið	Skýrsla í október 2011.	okt 2011
		IDN, MRN	Mat á hagrænum áhrifum skapandi greina á Íslandi	Lokið	skýrsla	maí 2011
		IDN, MRN	Mótun Hönnunarstefnu Íslands	í vinnslu		ágúst 2011

III	Gæði og ávinningur	Ábyrgð	Verkefni / aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok
1	Sjálfstæð greiningarvinna á afrakstri rannsóknna, þróunar og nýsköpunar verði styrkt hér á landi og unnin af óháðum aðilum.	Rannís	Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs	Lokið 2009	Áhrifamat Tækniþróunarsjóðs 2004-2008 (Rannís 2009)	LOKID
		Rannís	Áhrifamati Rannsóknasjóðs	í undirbúningi		
		MRN	Úttekt á 7RÁ, árangri og afrakstri. Sjálfstæð nefnd er að störfum	í vinnslu		árslok 2011
2	Samstarf Rannís og Hagstofunnar um mat á rannsóknafraflagi íslenskra aðila til að bæta mælingar á af	MRN	Koma í formlegu samstarfi við Hagstofu. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað.	í vinnslu	Hefur strandað á fjármagni til að greiða Hagstofu f. Verkefni - einnig spurning um forgangsstöðun verkefna hjá Hagstofu.	
3	Opinber framlög til vísinda og nýsköpunar taki mið af gæðum og árangri. Gagnsæi og faglegt mat gildir við úthlutanir úr samkeppnissjóðum. Skoða þarf alla opinbera samkeppnissjóði í þessu ljósi.	Rannís	Skýrsla: Kortlagning opinberra samkeppnissjóða (Rannís)	Lokið	Skýrsla des 2010	LOKID
		Rannís	Skýrsla: Greining á framlögum til rannsóknna og þróunar í fjárlögum 2011	lokið	Árangur: Skýrsla kynnt fjárlaganefndar, sem tilkynnir í júlí 2011 að hún muni framvegis ekki úthluta beint til verkefna	
4	Bein framlög til rannsókna hjá háskólum, rannsóknastofnunum og öðrum þeim sem þiggja rannsóknafé frá hinu opinbera verði betur tengd mati á árangri.	VTR Ályktun samþykkt 1. apríl 2011	MAT Á GÆÐUM OG ÁRANGRI Í RANNSÓKNUM HJÁ HÁSKÓLUM OG STOFNUNUM. Vísinda- og tækniráð samþykkir að fela Rannís að vinna áfram áætlun um mat á gæðum og árangri rannsókna hjá háskólum og stofnunum og hvernig tengja megi fjármögnun við gæði og árangur. Tillögur verði lagðar fram á haustfundi ráðsins til umræðu.			
		MRN Rannís	Unnið að undirbúningi að því að setja upp kerfi sambærilegt norska kerfinu CRISTIN	í vinnslu	Kynning 17.10.2011	
5	Rannís, í samstarfi við viðeigandi úttektaraðila, verði falið að fylgjast með verðmætasköpun og öðrum	Rannís	sjá III-1			
6	Komið verði á gæðaráði skipað erlendum sérfræðingum sem beri ábyrgð á gæðaeftirliti með kennslu og	MRN	Alþjóðlegt gæðaráð skipað 2010	Lokið	Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education - oct 2011	LOKID
		VTR Ályktun samþykkt 25. júní 2010	SIDAREGLUR FYRIR RANNSÓKNIR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ MISFERLI Lagður verði grunnur að skýrum síðareglum sem hvetja til vandaðra vinnubragða við rannsóknir og nýsköpun. Síðareglurnar fjalli jafnframt um hvernig tekið verður á misferli eða meintum brotum á síðareglum ef til þess kemur. Tillögurnar liggja fyrir í lok árs 2010.			
		Rannís	Vinnuhópur vann drög að síðareglum fyrir íslenskt vísindasamfélag. Lagðar fram á fundi VTR 21. des 2010	Lokið		des. 2010
		VTR Ályktun samþykkt 21. des 2010	SIDAREGLUR FYRIR ÍSLENSKT VÍSINDASAMFÉLAG. Vísinda- og tækniráð tekur undir tillögur Rannís og samþykkir að fela Rannís að vinna málið áfram með því að efna til viðtæks samráðs innan háskóla- og vísindasamfélagsins. Rannís skili útfærðum tillögum að skipun og reglum síðanefndar á desemberfundi Vísinda- og tækniráðs 2011, en gerð verði grein fyrir framgangi á vorfundi ráðsins.			
		Rannís	Drög að síðareglum fyrir íslenskt vísindasamfélag í kynningu.	í vinnslu		

		VTR Ályktun samþykkt 1. apríl 2011	STYRKLEIKAR Í RANNSÓKNUM OG NÝSKÖPUN SKILGREINING VAXTARGREINA Vísinda- og tækniráð samþykkir að starfsnefndir ráðsins, í viðtöku og opnu samráði, greini líklegar og vænlegar vaxtargreinar í íslensku atvinnulífi. Tillögur verði lagðar fram á fundi ráðsins í desember 2011.			
		NMÍ	Sumarstarfsmaður var ráðinn til að taka viðtöl við starfsnefndir VTR og fleiri aðila. Skilaði skýrslu haust 2011.	Lokið		Lokið
IV	Alþjóðlegt rannsókn- og nýsköpunarsamstarf	Ábyrgð	Verkefni /aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklök
1	Umfang, skuldbindingar og tækifæri í alþjóðlegu rannsókn- og nýsköpunarsamstarfi verði metin. Sérstaklega verði skoðaðar áætlanir sem krefjast samfjármögnunar og aðildargjalda.	MRN	Starfshópur vegna alþjóðasóknar skipaður í desember 2009	Lokið	Skýrslan Tækifæri til sóknar febrúar 2010	LOKID
		VTR Ályktun samþykkt 19.mars 2010	ÁLYKTUN VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS UM ALÞJÓÐAMÁL. Vísinda- og tækniráð tekur undir tillögur í skýrslu starfshópsins og vill fylgja þeim eftir. Ráðið leggur til að mennta- og menningarmálaráðherra og iðnaðarráðherra skipi sameiginlega starfshóp undir stjórn ritara Vísinda- og tækniráðs til að útfæra tillögur skýrslunnar í nánú samráði við helstu hagsmunaaðila. Í hópnum skulu m.a. sitja formenn vísindanefndar og tækninefndar. Hópurinn skili af sér í tíma fyrir næsta fund Vísinda- og tækniráðs, 28. maí nk., og mun ráðið fjalla um útfærða tillögu á þeim fundi.			
		MRN	Starfshópur vegna útfærslu á tillögum í skýrslunni "Tækifæri til sóknar" skipaður í mars 2010	Lokið	Skilgrein starfshóps maí 2011	LOKID
		VTR Ályktun samþykkt 25.júní 2010	ALÞJÓÐAMÁL – BÆTTUR STUÐNINGUR VIÐ ALÞJÓÐASÓKN Vísinda- og tækniráð felur mennta- og menningarmálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti að fylgja eftir tillögum starfshópsins og hefja undirbúning að samþættingu allra samstarfsáætlaða í samræmi við tillögur í skilgrein hópsins.			
2	Rannís verði eflid sem stuðnings- og greiningarstofnun fyrir rannsóknir og nýsköpun á Íslandi.	MRN	Tengist vinnu við endurskoðun laga nr. 3/2003 sem unnið er að í rn.	í vinnslu		vor 2012
		MRN	Kortlagning - sjá lið IV-1	Lokið		Kortlagningu LOKID

3	Stuðningsþjónusta við íslenska umsækjendur í erlenda samstarfssjóði verði kortlögð og samstarfs verði leitað um að sameina þjónustu við hinar ýmsu samstarfsáætlanir sem Ísland á aðild að.	MRN	Sameining þjónustu við alþjóðaáætlanir í eina skrifstofu	í vinnslu		2012-2013
4	Vísindanefnd og tækninefnd taki virkan þátt í samráði um mótun og útfærslu vísinda- og nýsköpunarst	VTR	Vísindanefnd og tækninefnd séu vel upplýstar um vinnu sérfræðinga á vegum ráðuneyta sem taka þátt í þessari vinnu.			Verkefni án tímamarka

V	Samkeppnissjóðir	Ábyrgð	Verkefni /aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok
1	Hærra hlutfalli opinberra framlaga til rannsókna og nýsköpunar verði úthlutað í gegnum samkeppnissjóð	FJR & ráðuneyti	Skýrsla: Greining á framlögum til rannókna og þróunar í fjárlögum 2011	lokið	Árangur: Skýrsla kynnt fjárlaganefndar, sem tilkynnir í júlí 2011 að hún muni framvegis ekki úthluta beint til verkefna	lokið
2	Tekið verði saman aðgengilegt yfirlit yfir alla opinbera stuðningssjóði rannsókna og nýsköpunar og gerð úttekt á þeim með tillögu til Vísinda- og tækniráðs um hvort ástæða sé til að færa umsýslu eða að sameina einhverja sjóði.	VTR	Vinnuhópur ráðuneytisstjóra	í vinnslu	Skýrslur ráðuneytisstjórahóps #1 og #2	
		Rannís	Kortlagning opinberra rannsóknasjóða	Lokið des 2010		LOKID
3	Opinberir sjóðir taki upp sambærileg viðmið við mat á kostnaði verkefna og taki mið af raunhæfum he	Rannís VTR	Beina til stjórná helstu sjóða. Samtal milli helstu sjóða. Samræming milli helstu opinberra samkeppnissjóða	í vinnslu		
4	Við mat á styrkumsóknum úr samkeppnissjóðum verði tekið tillit til hlutverka sjóðanna og kerfisins í heild. Auk fa		sjá V.2.			
5	Nýjum markáætlunum Vísinda- og tækniráðs verði settur lagarammi eða reglugerð sem kveður á um fa	MRN, VT- nefndir	Setja lagaramma/reglugerð. Tengist vinnu við endurskoðun á lögum nr. 3/2003	í vinnslu		haust 2011
		VTR Ályktun samþykkt 1. apríl 2011	ÁÆTLUN UM ÞRÓUN OG EFLINGU SAMKEPPNISSJÓÐA. Vísinda- og tækniráð samþykkir að unnin verði áætlun í samvinnu við þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli í þrepum til 2020 um þróun og eflingu þeirra sjóða sem veita fjármunum til rannsókna, nýsköpunar og þróunar í dag. Tillögur verði lagðar fram á fundi ráðsins í desember 2011.			

VI	Innviðir rannsókna og nýsköpunar	Ábyrgð	Verkefni /aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok
----	----------------------------------	--------	------------------	-----------------	---------------------	---------

1	Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum verði tryggður til framtíðar.	MRN og VTR	Var leyst f. 2010 og 2011 með því að nýta fjármuni úr Markáætlun. Neyðarúrræði, en verður að finna framtíðarlausn	í vinnslu	Hindrun: fjármálaráðuneyti. Lagt hefur verið til að landsaðgangur verði sér fjárlagaliður en fjármálaráðuneyti hefur ekki samþykkt það. Aukafjárveiting til Landsbókasafns til að sinna þessu hlutverki.	
2	Hvatt verði til þess að íslenskir vísindamenn taki virkari þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi sem nýtir	MRN	Þátttaka í norrænu eScience intitative	í vinnslu		
3	Skipaður verði vinnuhópur sem undirbúi verkefnið „Framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi“ þar sem hugað verði að		Sjá einnig VII 2 og 3	í vinnslu	Vinnuhópur hefur verið skipaður	
4	Reglur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af rannsóknavörum til vísindarannsókna sem kostaðar eru á	MRN, FJR, Rannís	Vinna áfram í að málið verði endurskoðað. Tekið aftur upp í MRN haust 2011	í vinnslu	Hindrun: fjármálaráðuneyti sem hefur ekki samþykkt að undanþágur frá virðisaukaskattur af rannsóknavörum til vísindarannsókna sem kostaðar eru af styrkfé, þó svo að það sé raunin í öllum löndum í Evrópu.	
5	Lög um Tækjasjóð verði endurskoðuð, þannig að sjóðurinn nýtist til að byggja upp alla rannsóknainnv	MRN	Endurskoðun á lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir þmt endurskoðun á Tækjasjóði	í vinnslu		Verður lagt fram á vorþingi 2012
6	Þátttaka í alþjóðasamstarfi um rannsóknainnviði verði gerð markvissari þannig að Íslendingar geti orði	MRN	tengist alþjóðasókn og kafla I	í vinnslu	Verkefni án tímamarka	
7	Hugað verði sérstaklega að uppbyggingu innviða á þeim sviðum sem þegar eru sterk á Íslandi.		tengja kafla I.5		Almennt markmið, án tímamarka	

VII	Opinn aðgangur að rannsóknaniðurstöðum	Ábyrgð	Verkefni / aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok
1	Gerðar verði kröfur um að niðurstöður rannsókna sem njóta opinberra styrkja verði birtar í opnum aðgangi og mótuð verði opinber stefna þar að lútandi.	VTR Ályktun samþykkt 25. júní 2010 MRN	OPINN AÐGANGUR – UNDIRRITUN BERLÍNARYFIRLÝSINGARINNAR Vísinda- og tækniráð samþykkir að undirrita Berlínaryfirlýsinguna og stuðla þar með að eflingu vísinda og nýsköpunar. Vísinda- og tækniráð hvetur sjóðsstjórnir, háskóla og opinberar stofnanir sem styrkja rannsóknir og vísindastarf að setja sér stefnu um birtingar efnis í opnum aðgangi. MRN sendi bréf til háskóla, stjórna sjóða og stofnana sem heyra undir ráðuneytið um samþykkt VTR	Lokið		LOKID
2	Hugað verði að nauðsynlegum innviðum fyrir opinn aðgang sem samhæfi geymslusöfn og aðgang að þeim og tryggi varanlega varðveislu.			í vinnslu	Vinnuhópur um framtíðarskipan gagnagrunna á Íslandi	
3	Nýtingarréttur að niðurstöðum rannsókna sem eru unnar við opinberar stofnanir eða í samstarfi opinberra stofnan		Tengist VI.3 og I.6			
4	Efnt verði til almennar vitundarvakningar innan vísinda- og nýsköpunarsamfélagsins um mikilvægi opins aðgangs að		Málþing vor 2010.		Viðvarandi verkefni - án sérstakra tímamarka	

VIII	Nýliðun	Ábyrgð	Verkefni / aðgerð	Staða verkefnis	Árangur / Hindranir	Verklok
------	---------	--------	-------------------	-----------------	---------------------	---------

1	Rannsóknánámssjóður verði í auknum mæli nýttur til að tengja háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.	MRN, Rannís	Endurskoða úthlutunarreglur Rannsóknasjóðs. Hugmyndir um sameiningu Rannsóknasj. og Rannsóknánámssjóðs - tengist endurskoðun á lögum nr 3/2003	í vinnslu		vor 2012
2	Rannsóknasjóður leggi sérstaka áherslu á stuðning við ungt vísindafólk með veglegum styrkjum, þannig.	Stjórn Rannsóknasjóðs	Endurskoða styrki Rannsóknasjóðs til ungs vísindafólks.	í vinnslu		
3	Stofnanir og fyrirtæki verði hvött til sóknar í Mannauðsáætlun 7. rammaáætlunar ESB (Marie Curie).	Rannís	Hluti af alþjóðasókn	í vinnslu		
4	Símenntun á vinnumarkaði, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og önnur úrræði sem kunna að gagnast sem tækifæri og hvatar fyrir fólk og fyrirtæki til að treysta stöðu sína verði stórefld.	MRN	Efla símenntun.	í vinnslu	MRN er að endurskoða alla samninga við símenntunarstöðvar á landsins	
		IDN, MRN	Nýsköpunarmennt og atvinnulíf í grenndarsamfélagi - samvinna um eflingu á samstarfi atvinnulífs og framhaldsskóla til þess að ýta undir sókn í verknám.	Í vinnslu	Verkefnið fór af stað vor 2010 og hefur verið fram haldið með störfum 3ja klasa um samstarf fyrirtækja og framhaldsskóla á sviði verkmenntunar.	Janúar 2012
		MRN, IDN	Áhersla á tækni- og iðngreinar.			
5	Lögð verði áhersla á að hvetja fólk til að sækja nám í tækni- og iðngreinum.				Þyrfti átaksverkefni?	
			SI beitir sér fyrir aðgerðum sem efla virðingu fyrir og aðsókn í Iðn- og tæknimenntun.			